

IV. KAFLI
Fjármögnun.

10. gr.

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum.
2. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna.

Gjaldtaka skal ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

12. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 31/1985.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu,
heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

2. gr.

Lög þessi ná yfir:

- a. eldi og heilbrigði sláturdýra,
- b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,

- c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
- d. geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
- e. heilbrigðis skoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum,
- f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
- g. heimaslátraðar afurðir,
- h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

3. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Kjötmatsmaður: Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Kjötskoðunarlæknir: Héraðsdýralæknir, eða annar dýralæknir samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

Kjötvinnslustöð: Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

Slátrari: Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins til að starfa sem slátrari.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturdýrum.

Sláturdýr: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturleyfishafi: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

Sláturúrgangur: Afurðir sem falla til við slátrun sláturdýra og ekki eru nýttar til manneldis.

Villibráð: Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður skulu vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis, hvor á sínu sviði, um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

II. KAFLI

Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

5. gr.

Sláturdýrum, sem slátra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæli-geymslum og frystigeymslum.

Landbúnaðarráðherra löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun. Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturdýrum og afurðum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Hver sá sem hyggst slátra dýrum sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda landbúnaðarráðuneyti umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar, úrvinnslu eða geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu kjötskoðunarlæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn yfirdýralæknis og samkvæmt reglum sem hann setur.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátramenntun.

7. gr.

Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum fyrir löggildingu, og ber þá kjötskoðunarlækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Yfirdýralæknir setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. Yfirdýralæknir tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um flutning sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

9. gr.

Slösuðum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og í samráði við umhverfisráðherra.

Ekki má koma með sýnilega sjúk dýr í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús, kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.

Sláturdýr, sem komin eru í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal þeim slátrað, nema til komi leyfi yfirdýralæknis.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Sláturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um:

- rannsóknir og eftirlit sláturdýra til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
- söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr sláturdýrum heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,

- c. hvernig háttá skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,
- d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturdýrum og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
- e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum sláturafurðum og sláturúrgangi,
- f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.

11. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegna kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa næga þekkingu og þjálfun að mati yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkest ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sóttthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og hleðslu flutningataekja.

Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

13. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

IV. KAFLI

Meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða.

14. gr.

Sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögnum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, þökkun, flutning og aðra meðferð sláturafurða.

V. KAFLI

Gæðamat sláturafurða.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send kjötmatshöfðingi.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum kjötmatshöfðings er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar kjötmatshöfðing til fimm ára í senn. Kjötmatshöfðingur samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Einnig skal hann, eftir því sem hann metur þörf á, gera athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir sláturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.

18. gr.

Yfirdýralækni og kjötskoðunarlæknunum skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

19. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi sláturafurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

20. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, m.a. ef sláturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.

VII. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

II.

Heimilt er að ráða allt að fjóra yfirkjötmatsmenn til aðstoðar kjötmatsformanni fram til ársloka 1997 vegna kynningar á nýjum reglum um gæðamat á kindakjöti til samræmis við reglur Evrópusambandsins.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.